



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Reykjavík, 4. september 2014.

Innanríkisráðuneytið
Sölvhóls götu 7
150 Reykjavík

Athugasemdir Mannréttindaskrifstofu Íslands; drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) hefur ákveðið að taka ofangreind drög til umsagnar. MRSÍ fagnar því að með breytingunum verður skýrt kveðið á um að Ríkislögreglustjóri skuli bregðast við athugasemdum og tillögum Persónuverndar þegar í stað og er þannig aukið á heimild Persónuverndar til að knýja fram úrbætur sem stofnunin telur nauðsynlegar. Einnig er jákvæð sú breyting sem felst í nýrri málsgrein við 18. gr. laganna um Schengen-upplýsingakerfið að ákvarðanir Ríkislögreglustjóra í málum er varða 13. – 15. gr. laganna verði bornar undir úrskurð Persónuverndar og að ákvarðanir Persónuverndar séu bindandi fyrir málsaðila.

MRSÍ telur þarft að benda á að brýna þarf fyrir þeim aðilum hér á landi sem annast skráningu í upplýsingakerfið að horfa gagnrýnum augum á þær upplýsingar sem þeir hyggjast skrá inn eða eru þegar skráðar inn í kerfið um einstaklinga af öðrum aðilum Schengen-upplýsingakerfisins. Ljóst er að aðildarþjóðir hafa mismunandi sjónarhorn á hvaða ástæður geta legið að baki skráningu í upplýsingakerfið. Hafa sumar þjóðir skráð fleiri einstaklinga í kerfið en telja má eðlilegt, á grundvelli 96. gr. Samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins. MRSÍ telur varhugavert að horfa á skráningar í upplýsingakerfið án nokkurrar gagnrýni og má velta vöngum yfir því hvort að kerfið eins og það er notað í dag sé í samræmi við þann tilgang sem því er ætlaður. Enn fremur er hvatt til þess að af Íslands hálfu verði farið varlega í skráningu upplýsinga í kerfið og að aðeins verði skráðar þær upplýsingar sem nauðsyn ber til.

Eftirfarandi kafli er úr samantekt skrifstofunnar um Schengen samstarfið og má lesa það í heild sinni á heimasíðu okkar á eftirfarandi slóð; www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/ymiss-mannrettindi/ferdafrelsi/schengen-samstarfid

„Flestar skráningar um einstaklinga í gagnabankanum eru vegna „óæskilegra“ útlendinga (e. unwanted aliens), af þessu má sjá nán tengsl löggjafar ESB um innflytjendamál annars vegar og refsilöggjafar hins vegar. Afleiðingar skráningar fyrir einstakling geta verið miklar s.s. synjun um komu inn í ríki eða um vegabréfsáritun, varðhald eða brottvísun. Ef ríki gefur út endurkomubann á einstakling gildir það ekki aðeins í viðkomandi ríki heldur á öllu Schengen-svæðinu á grundvelli meginreglunnar um gagnkvæma viðurkenningu. Innbyrðis tengsl tilkynninga auka líkur á áframhaldandi ruglingi á milli innflytjendamála og refsinaemis. SIS II myndi enn fremur heimila frekari tengslaskráningar á milli einstaklinga s.s. fjölskyldumeðlimir glæpamanna gætu verið skráðir



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

sem útlendingar (e. aliens) og innflytjendur gætu verið skráðir með aðilum tengdum mansali. Eftirlit með innflytjendum verður þannig meira og gæti það brotið gegn friðhelgi einkalífs þeirra og banni gegn mismunun.[24]

Vernd upplýsinga er því grafalvarlegt vandamál í upplýsingakerfum Schengen samstarfsins og ESB sem enn hefur ekki verið fundin lausn á og óvarlegt er að opna á frekari upplýsingasöfnun og skráningu fyrr en leyst hefur verið úr því.[25]

Í 8. gr. Sáttmála ESB um grundvallarréttindi (EU Charter of Fundamental Rights) segir að; „allir eiga rétt á vernd persónuupplýsinga sinna.“ Og ennfreður að; „slíkar upplýsingar má aðeins vinna með af sanngirni í ákveðnum tilgangi.“ Framkvæmdastjórn ESB viðurkennir að SIS upplýsingakerfið hafi víðtækan tilgang og að tilgangur þess rúmist ekki einvörðungu innan þess að halda uppi öryggi innan Schengen-svæðisins.[26] ESB hefur ekki raunverulega stjórn á því hvaða aðilar hafa aðgang að gagnabankanum þar sem að slíkar ákvarðanir heyra undir aðildarríkin. Aðildarríkin hafa einnig nokkuð frjálsar hendur þegar kemur að ástæðum skráninga í gagnagrunninn. Ekki er nákvæm skilgreining á því, í Schengen sáttmálanum, hvað telst vera ógn við öryggi og allsherjarreglu sem leiðir til þess að mikið ósamræmi er á milli aðildarríkjanna og verulegum fjölda ólöglegra skráninga í gagnabankann.[27] Til dæmis höfðu sum ríki skráð inn í gagnabankann einstaklinga sem synjað hafði verið um hæli á meðan önnur ríki sáu þá ekki sem ógn við allsherjarreglu.[28] Slíkt misræmi getur einnig haft áhrif á aðgengi og vernd upplýsinga. Stjórnvöld aðildarríkjanna eiga að setja ákveðnar reglur um viðurlög við ólöglegum skráningum, leiðréttingar á slíkum skráningum ásamt reglum um bætur. Einstaklingar sem skráðir eru í gagnabankann fá sjaldnast að vita af skráningunni og komast aðeins að því þegar þeir lenda í vandræðum við að fá vegabréfsáritun eða er synjað um inngöngu í ríki. Með því að segja þeim ekki frá skráningunni er réttur þeirra til inngöngu takmarkaður ásamt því að þeir hafa ekki möguleika á að draga skráninguna í efa/kæra skráninguna.[29]

Lögin og reglugerðin um Schengen-upplýsingakerfið hér á landi hafa skýr ákvæði um eftirlit með aðgangi að kerfinu og þeim upplýsingum sem þar eru skráðar. Er Persónuvernd falið stórt hlutverk í því samhengi. Mikilvægt er að fylgst sé vel með að enginn óviðkomandi geti sett inn, breytt eða eytt út upplýsingum úr kerfinu eða skemmt búnað eða annað sem viðkemur því. Einnig er mikilvægt að gerðar séu stikkprufur á aðgengi og skráðum upplýsingum til að kanna hvort að það sé í samræmi við lög ásamt því að tryggt sé að rekja megu uppflettingar í kerfinu.

Virðingarfyllt,
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur